

FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 

Fimmtudagur 3. maí 2018 | 18. tbl. 16. árg.

Upplag 10.500 eintök. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur



Iceland
STAÐARBERGI

BURKNAVELLIR 9



201m²

EINBÝLI
Glæsilegt nýlegt einbýli á einni hæð með innb. bílskúr, samtals 201 m². Frábær staðsetning í hverfinu. Jaðarlöð.

GAUKSÁS 27



360m²

EINBÝLI
Stórglæsilegt fullbúið tvílyft einbýli með innb. tvöföldum bílskúr, samtals um 360 m². Góð staðsetning og magnað útsýni. Eign í sérflökki.

SKÓGARÁS 5



305m²

EINBÝLI
Stórglæsilegt fullbúið nýlegt tvílyft einbýli með innb. bílskúr, samtals ca 305 m². Rögleg og góð staðsetning. Falllegt útsýni.

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983

Burger*inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is

Litla Gæludýrabúðin

Strandgötu 32 - Hafnarfirði - S: 517 8666



Íslandsmeistarar í körfuknattleik í 4. sinn

Glæsilegur sigur Hauka á öflugu liði Vals í úrslitaleik

Haukar urðu á mánudag Íslandsmeistarar kvenna í körfuknattleik 2018 er liðið sigraði Val í hreinum úrslitaleik, 74-70 fyrir framan vel stemmda áhorfendur.

Fyrri hálfleikur var gríðarlega jafn og skiptust liðin á að hafa yfirhöndina en munurinn ávallt lítiill. Haukar gátu náð yfirhöndinni í lok fyrri hálfleiks en þess í stað hafði Valur yfirhöndina, 37-35. En Haukastúlkur komu vel stemmdar úr búningsklefanum og skoruðu 14 stig í röð. Sigrún Björg Ólafsdóttir skor-

aði af því þrjár 3ja stiga körfur. Valur komst svo rólega inn í leikinn og munurinn var síðan

aldrei mikill en Haukar ávallt með forystuna. Sjá nánar bls. 4.



Dýrfinna Arnardóttir og Þóra Kristín Jónssdóttir með bikarinn.



sími
842
2217

HELGAPELL
FASTEIGNASALA



TAXI
Hafnirska
leigubílastöðin

520 1212

Skóðuðu tertúirvalið á kakulist.is



Jón Arlúss
KÖKULIST

Kökulist verslunarmöðustöðinni Fréði Hafnarfirði
Kökulist Hólagötu 17 Reykjavík
Kökulist Síðugötu 2 Garðabæ
Kökulist@kokulist.is - 555 66 55

OPNUNARPARTÝ

Píratar í Hafnarfirði fagna opnun kosningamiðstöðvar
að Bæjarhrauni 24, laugardaginn 5. maí kl. 12.00 – 14.00

Brauðterta og bakkelsi með kaffinu
Allir velkomnir



FJARÐAR

fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn og auglýsingar: 565 4513, 896 4613

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Póstdreifing

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði

leiðarinn

Spennandi verður að fylgjast með því hvernig frambjóðendur ætla að efna kosningaloforð sín. Þegar frambjóðendur lofa gulli og grænum skógum þá er lágmarkskrafa að þeir upplýsi hvernig þeir ætla að fjármagna loforðin og ekki nægilegt að lofa sparnaði án þess að tilltaka hvar og hvernig eigi að spara.

Góð afkoma Hafnarfjarðarbæjar undanfarin ár er eins og hjá mörgum öðrum sveitarfélögum komin að mestu til með góðum ytri aðstæðum. Atvinna hefur verið næg, fjármagnskostnaður hefur verið lár og skatttekjur sveitarfélaganna hefur aukist gífurlega. Ekki aðeins hefur útsvar aukist mikið, heldur hefur hækkun á fasteignamati húsnæðis haft þau áhrif að tekjur sveitarfélaganna hafa aukist mikið þrátt fyrir að hlutfall fasteignaskatts hafi verið lækkað lítillega.

Hafnarfjarðarbær tók lán til að fjármagna lóðaskil eftir hrún og það hefur ávallt verið sagt að tekjur af lóðarsölu ættu að fara í niðurgreiðslu þessara lána. Það er ekki gert nema að litlu leyti og þess í stað er t.d. sagt að verið sé að byggja skóla fyrir eigið fé. Þetta er fegrun á staðreyndum og mikilvægt að frambjóðendur átti sig á því að tekjur halda ekki endalasta áfram að hækka og mikilvægt að horfa til hefðbundins reksturs bæjarins sem ekki mun standa undir milljarða króna kosningaloforðum eins og bygging upphitaðs knattþymhúss í fullri stærð mun a.m.k. kosta.

Viðhald fasteigna bæjarins er víða í lamasessi enda hefur viðhald verið trassað í mörg ár. Fólk þarf ekki annað en að horfa á hús Byggðasafnsins við Vesturgötu og skóla bæjarins til að sjá að mikið er ógert. Þó vel hafi verið bætt í að undanförmu er það engan veginn nægilegt vegna uppsafnaðs vanda. Hvernig vilja frambjóðendur reka bæjarfélagið til hagsbóta fyrir sem flesta bæjarbúa?

Guðni Gíslason ritstjóri.

Á næstu vikum verður auglýst eftir framkvæmda-
aðilum til þess að endurgera Kaldárselsveg frá
Reykjanesbraut að Hlíðarþúfum. Framkvæmdin felur
í sér endurgerð á veginum sem og tengingum
Brekkúáss og Kletthlíðar þar við, stíga og hljóðvarnir.
Jafnframt er verið að gera tvö ný hringtorg.
Framkvæmdin mun hefjast núna á vörmanuðum og
standa fram eftir vetri og er í samræmi við samþykkt
deiliskipulag. Með endurnýjun á þessum kafla mun
batna til muna tenging milli Mosahlíðar og Áslands
og samgöngur gangandi og hjólandi verða öruggari.
Verkið er flókið þar sem lögð verða tvö hringtorg og
undirgöng fyrir gangandi og hjólandi ásamt því að
endurnýja vatns- og raflagnir.

Helga Ingólfssdóttir, formaður umhverfis- og
framkvæmdaráðs segir endurnýjun Kaldárselsvegar
vera vandamt verkefni þar sem nýr vegur liggir að
mestu í núverandi vegstæði og því erfitt um vik með
hjáleiðir auk þess sem mikill landhalli er á svæðinu.

VÍÐIS IÐAKIRKJA

Sunnudagur 6. maí

Messa kl. 11

Kór Víðistaðakirkju syngur.

Prestur: Sr. Bragi J. Ingibergsson.

Sunnudagaskóli kl. 11

María og Bryndís leiða stundina.

FERMINGARSKRÁNING

stendur yfir á vidistadakirkja.is

www.vidistadakirkja.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Kristín Ingólfssdóttir Sverrir Einarsson Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Simar allan sólarhringinn: 565 5892 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er

www.utfararstofa.is

50 og 60 ára

fermingarafmæli

Þeim sem fermdust árið 1958 og 1968 frá Frí-
kirkjunni í Hafnarfirði er boðið til samverustundar í
kirkjunni kl. 11 að morgni uppstigningardags 10. maí
nk. Að henni lokinni verður boðið upp á súpu og
brauð í safnaðarheimilinu. Vonast er eftir því að sem
flestir sjái sér fært að mæta.

Endurnýjun Kaldárselsvegar

Haldið verður áfram með göngu- og hjólastíg í sumar

Verktími er áætlaður frá 1. júní og stefnt er að því
að malbikun verði lokið 30. september og verklok í
lok árs. Íbúar Áslands 3 munu finna fyrir tíma-
bundnum óþægindum á verktíma vegna hjáleíða en
reynt er eftir fremsta megni að sá tími verði sem
stytur.

GÖNGU- OG HJÓLASTÍGUR

Helga segir sérstaka áhersla verða lagða á örugga
umferð gangandi og hjólandi með undirgöngum og
stígum og því muni aðgengi að upplandinu batna til

HAFNARFJARÐARKIRKJA

VORHÁTIÐ

Hafnarfjarðarkirkju

Sunnudaginn 6. maí kl. 11-13

Fjölbreytt dagskrá inni og úti
fyrir börn sem fullorðna

Barna- og unglingakórar, hljómsveit,
hoppukastali, grillaðar pylsur, leikur o.fl.

Allir velkomnir

Uppstigningardagur 10. maí

Hátíðarmessa

í Víðistaðakirkju kl 14.

Sjá nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is
www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja



Sjá má hringtorgin tvö og tengingu við Kletthlíð og Ásvallabráut.




Vorhátíð Fríkirkjunnar

Í HELLISGERÐI SUNNUDAGINN 6. MAÍ

LÚDRASVEIT LEIÐIR **SKRÚÐGÖNGU** FRÁ
SAFNARÐARHEIMILI FRÍKIRKJUNNAR Í HAFNARFIRÐI **KL. 11**

Tilvalið að kippa með sér fána, blóðrum eða veifum
– og við hvetjum ykkur til að leyfa börnunum að vera í búningum.



SKEMMTILEG DAGSKRÁ Í HELLISGERÐI

- Söngur og gleði með Fríkirkjubandinu.
- Krílakórar og Barnakór kirkjunnar syngja
- Sunnudagaskóladyrin láta örugglega sjá sig

Boðið upp á **GRILLAÐAR PYLSUR**
með öllu tilheyrandi, ávaxtasafa, kaffi
og einhverju gotterí.

Þið eruð hjartanlega velkomín!



Íslandsmeistarar Hauka í körfuknattleik

Kvennalið Hauka rétt slapp við fall á síðasta ári og hampa nú Íslandsmeistaratitlinum

Framhald af forsiðu.

Lokaminúturnar voru æsispennandi og gátu Valskonur jafnað á loka-sekúndunum en þriggja stiga skot þeirra geigaði og Helena Sverrisdóttir, besti leikmaður Hauka, skoraði úr viti og gulltrygðri sigurinn og fjórða Íslandsmeistaratitil liðsins.

HELENA BESTI LEIKMAÐUR ÚRSLITAKEPPINNAR

Helena var svo í leikslok útnefndur besti leikmaður úrslitakeppinnar en hún var með þrennu að meðaltali í úrslitakeppinni allri, með 20,8 stig, 12,5 fráköst, 10 stoðsendingar og samtals 32,5 framlagsstig að meðaltali í leik.



Guðbjörg Norðdal varaformaður KKI afhendir Helenu verðlaunin.

Helena Sverrisdóttir skoraði 21 stig og átti 19 fráköst og 10 stoðsendingar, Whitney Michelle Frazier 20/9 fráköst, Sigrún Björg Ólafsdóttir 11/5 stólnir boltar, Dýrfinna Arnardóttir 8, Þóra Kristín Jónsdóttir 7/6 fráköst og 5 stólnir boltar, Anna Lóa Óskarsdóttir 5 og Fanney Ragnarsdóttir 2.



Leikmenn Hauka fagnaðu vel í leikslok.

Haukar urðu síðast íslandsmeistarar kvenna árið 2009

Birgir Örn Birgisson, forstjóri Domino's Pizza, afhenti Jónasi Jónmundssyni, formanni KKD Hauka, eina milljón kr. í verðlaunafé fyrir sigurinn áður en bikarinn fór á loft.

Þjálfarar Hauka, Ingvar Guðjónsson og Bjarni Magnússon urðu Íslandsmeistarar í fyrsta sinn en báðir höfðu þeir hlotið silfur sem þjálfarar Hauka,

Ingvar fyrir tveim árum og Bjarni tvisvar, árin 2012 og 2014.

SYSTIR HELENU Í VALSLIÐINU

Guðbjörg Sverrisdóttir, systir Helenu, lék með Valsliðinu og var mjög öflug, skoraði 16 stig og var næst stigahæst í liðinu. Hún var með 50% skotnýtingu og skoraði m.a. þrjár 3ja stiga körfur í röð.



Hafnfirðingurinn Guðbjörg, systir Helenu, leikur með Valsliðinu.



Griðarleg stemning var á Ásvöllum og mikill fagnaður heimamanna í leikslok.

Flair myndir á www.fjardarfrettir.is

Hugsum lengra og vinnum saman

Nú er það formlega orðið ljóst að sjálfstæðismenn í Reykjavík eru á móti stærsta og metnaðarfullsta verkefni sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, Borgarlínunni. Þessa afstöðu sína staðfestu þeir með mótatkvæði sínu gegn samþykkt svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. Með atkvæði sínu eru sjálfstæðismenn að ganga gegn margra ára vinnu allra sveitarfélaganna á svæðinu. Einir flokka standast þeir ekki þá freistni að snúa stóru hagsmunamáli fjöldans upp í stökkpall fyrir sérhagsmuni frambjóðanda sinna.

En um hvað snýst Borgarlínan og skiptir hún máli fyrir okkur hér í Hafnarfirði? Borgarlínan er vissulega strætó í sérými með örra ferðatíðni sem myndi gera strætó að hagkvæmum og raunhæfum farkosti. Þetta skiptir

máli fyrir margar fjölskyldur hér í Firðinum. Það er mun ódýrara að kaupa árskort í strætó en að reka heimilisbíl númer tvö eða þrjú. Ætli munurinn sé ekki einn á móti fimmtán (kr. 72.000 fyrir árskort í strætó á móti kr. 1.100.000 fyrir rekstur og afskrifir á ódýrum fólksbíl samkvæmt FÍB).

En Borgarlínan er annað og meira. Hún er grundvallar hugsun í skipulagsmálum alls höfuðborgarsvæðisins. Borgarlínan er forsenda þess að hægt sé að skipuleggja fjölmenn íbúðahverfi án þess að bílastæði fylgi hverri einustu íbúð eins og lagt er til í rammaskipulagi vestur hraunsins eða 5 mínútna hverfisins eins og það hefur verið nefnt. Í því hverfi er gert ráð fyrir allt að 7.000 íbúum sem er um 10% af allri fjölgun íbúa höfuðborgarsvæðisins fram til

ársins 2040. Borgarlínan er þannig forsenda þess að hægt sé að byggja upp slíkt hverfi með hagkvæmum íbúðum sem þó eru tengdar kjarna atvinnusvæðisins með öflugum almennings-samgöngum.

5 mínútna hverfið og Borgarlínan eru hvort um sig dæmi um langtímahugsun og samvinnu í skipulagsmálum sem þarf að ná þvert á flokka og yfir mörg kjörtímabil. Sjálfstæðismenn hér í Hafnarfirði hafa leitt endurskipulagningu 5 mínútna hverfisins á þessu kjörtímabili. Við í Samfylkingunni munum hikaust halda þeirri góðu vinnu áfram komumst við í aðstöðu til þess. Við munum einnig leggja áherslu á að Borgarlínan verði að veruleika sem allra fyrst. Við í Samfylkingunni föllum ekki í þá freistni að gera lítið úr vinnu annara til þess að upphæfja okkur sjálf.

Höfundur er verkefnastjóri og skipar 9. sæti á lista Samfylkingarinnar.



Einar Pétur Heiðarsson

Viltu keppa í róðri?

Sjómennadagurinn verður 3. júní nk. og þá verður keppt í kappróðri, koddaslag og reiptogi.

Bæjarbúar eru hvattir til að skrá sig til keppni og sérstaklega er leitað eftir hópum til að taka þátt í róðrarkeppninni en sjö eru í áhöfn, sex ræðarar og einn stýrimaður. Hægt verður að æfa sig á keppnisbátunum fyrir sjómennadaginn.

Ahugasamir eru hvattir til að hafa samband við Karel í síma 690 0345.



Ljóm: Guðni Glásson

20 ára sönghátíð Skátakórsins

Skemmtun í tali og tónum í Víðistaðakirkju á laugardaginn kl. 16

Í tilefni af 20 ára afmæli Skátakórsins verður blásið til skátaskemmtunar í Víðistaðakirkju á laugardaginn kl. 16.

Kórinn mun flytja fjölbreytta tónlist undir stjórn Öldu Ingibergsdóttur á milli þess að kynnir samkomunnar mun rifja upp sögu kórsins í dúr og moll. Undirleikari á píanó er Marton Wirth.

Gestum verður boðið upp á léttar veitingar og frumsýnd verður muna- og myndasýning þar sem brugðið verður upp svipmyndum frá tuttugu ára frækn- um ferli þessa fjörmikla skátahóps. Aðgangseyrir er kr. 2.000 en frítt er inn fyrir eldri kórfélaga.

Skátakórinn varð til þegar Skátakórinn í Hafnarfirði og Skátakórinn í Reykjavík lögðu saman krafta sína. Á



Skátakórinn á Syngjandi jólum í Hafnarborg 2002.

þessum bernskuárum sem nú eru senn liðin hefur Skátakórinn verið fastur punktur í hátíðarhöldum skáta um land allt, komið fram á mótum og mann-


fögnuðum og lagt sitt af mörkum til að glæða geð þeirra sem á hafa hlýtt.

Skátakórinn hefur haldið tónleika innanlands og erlendis og hafa oft komist fleiri að en vilja.

Skátakórinn hefur lagt metnað sinn í að varðveita skátasöngva með því að kosta útsetningar, upptökur og útgáfu á geisladiskum með skátalögum sem skipa nú dýrmætan sess sem verðmætar heimildir um lagahefð og söngmenningu skáta.

Fyrst og fremst hefur þó starf kórsins haft það að markmiði að veita þeim sem taka þátt gleði og ánægju og þau gildi verða áfram í fyrirrúmi á næstu tuttugu árum í starfi kórsins.

Kórinn hefur stutt og notið stuðnings Skátafélagsins Hraunbúa um árabíl og æfir í Hraunbyrgi, vikulega hvert þriðjudagskvöld yfir vetrartímann og þangað eru allir velkomnir.



HAFNARFJÖRÐUR – SUÐURNES

Suðurnesjalína 2 – Mat á umhverfisáhrifum

Landsnet vekur athygli á að Skipulagsstofnun hefur lagt fram til kynningar tillögu að matsáætlun fyrir Suðurnesjalínu 2.

Hægt er að gera athugasemdir við áætlunina og skulu þær berast skriflega til Skipulagsstofnunar eigi síðar en 11. maí 2018. Einnig er hægt að senda athugasemdir með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

Tengil á tillögu að matsáætlun ásamt athugasemdum við drög má finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar; skipulag.is.

LANDSNET

SMÁAUGLÝSINGAR

þjónusta

Bílaþrif. Kem og sæki. Þvottur og bön verndar bílinn. Úrvals efni. Djúphreinsun. Hagstætt verð. Uppl. í síma 845 2100.

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara. Synishorn á siggileifa.123.is sími 8637265 sigill@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.
Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is

Hreint loft og hreint umhverfi

Við Vinstri Græn erum umhverfis-verndarlokkur sem beitum okkur fyrir heilnæmara umhverfi fyrir íbúa Hafnarfjarðar. Áhersla fyrir þessar kosningar er að draga úr mengun í bænum og við ætlum því að minnka plast-notkun, bæta flokkun á sorpi og draga úr umferð einkabíla.

Við í VG erum ekki hrædd við að hugsa stórt og til framtíðar. Allt of oft er viðkvæðið hjá stjórnvöldum og hagsmunaaðilum „nei, það er ekki hægt“ en við segjum það er víst hægt ef viljinn er fyrir hendi.

Öllum er ljóst að umferð þungaflutninga á ekkert erindi í miðbæ okkar Hafnarfjarðar og neðri partur Reykjavíkurveggar er gott dæmi um þetta.

Hann er þröng íbúagata þar sem umferð stórra díselknúinna fólksflutninga- eða vörubifreiða eiga ekkert erindi. Fyrir utan þá mengun sem slíki umferð fylgir sjást ljót merki um þær skemmdir sem þunga bifreiðar hafa valdið á umferðarmannvirkjum. Hringtorgið á mótum Amarauna og Reykjavíkveggar er næstum ónýtt en oft má sjá stórar bifreiðar tefja umferð meðan þær bakka fram og aftur yfir hringtogið sjálft og spúa auk þess útblæstri yfir nágrennið. Við viljum bæta leiðarkerfi Strætó með því að gera ferðir tíðari því með aukinni notkun almenningssamganga getum við minnkað mengun í bænum okkar.



Fjölur
Sæmundsson

Við í VG leggjum áherslu á að við bæjarbúar minnkum notkun á plasthlutum og að bærinn verði plastpokalaus. Þetta felur í sér að verslanir og þjónustuaðilar í Hafnarfirði hætti að afhenda eða selja viðskiptarvinum sínum plastpoka. Þetta er einföld aðgerð enda flestum ljóst í dag að nokun plasts í verslun og þjónustu er allt of mikil og margir aðrir valkosti eru mögulegir. Við viljum að flokkun sorps í bænum verði bætt og boðið verði upp á fleiri möguleika bæði í grendargámum og í sorpílátum við heimili. Ég hvet alla til að velja betra og hreina umhverfi og gera betur með Vinstri Grænum.

Höfundur skipar 2. sæti hjá VG fyrir bæjarstjórnarkosningarnar.

Fjölskyldan í fyrirrúmi

Hvað er fjölskylda? Fjölskyldan er hópur einstaklinga sem á sameiginlegt heimili þar sem einstaklingarnir deila tómstundum, hvíld, tilfinningum, efnahag, ábyrgð og verkefnum. Fjölskyldan gegnir lykilhlutverki í mótum einstaklingsins og er grundvöllur fyrir tengsla-myndun og heilbrigðum tilfinningaþroska. Til að þessi skilgreining hafi merkingu þurfum við eftir okkar fremsta megni að hlúa að fjölskyldum og það ætla Miðflokkurinn að gera með margvíslegum úrræðum. Til að mynda að afnema heimalærdóm, auka frístunda-styrk, frítt í strætó, frítt í sund fyrir námsmenn og einstaklinga undir 18 aldri svo eitthvað sé nefnt.

Í nútímasamfélagi hafa, með síaukunum tækninýjungum, því miður minnkað þær gæða stundir sem við höfum sem fjölskylda og við þurfum að reyna finna leiðir til að sporna við því.

Heimanám getur valdið togstreitu og pírtingi milli foreldra og barna og eftir átta til níu tíma vinnudag hjá börnum

koma þau heim og þurfa þá að leysa heimaverkefni með oft á tíðum þreyttum foreldrum sem hafa mismikla þolinmæði og getu til að aðstoða þau. Við í Miðflokknum ætlum breyta þessu, afnema heimanám og einbeita okkur meira að lausnamiðaðum hugmyndum fyrir fjölskyldur. Miðflokkurinn ætla að beita sér fyrir auknari fjölskylduvænni afþreyingu og skoða til dæmis að stuðla að byggingu skautasvells, keiluhúss, klifurseturs og fleira.



Sævar
Gíslason

Með þetta ofangreint í huga sem og fjölga útivistarsvæðum og fleira í þágu fjölskyldna, þá getum við byggt upp fjölskylduvænt samfélag sem önnur bæjarfélög geta litið upp til og þar með láðað til okkar fleira fólk til að auðga okkar sveitarfélag til muna.

Ég býð fram krafta mína hjá Miðflokknum því þar vinnum við að skynsamlegum lausnum og framkvæmum.

Höfundur er iðnfræðingur og skipar 9. sæti á lista Miðflokksins.

Sterkari saman

Kennsluhættir nútímans kalla á fjölbreytileika, samstöðu og samvinnu. Rannsóknir benda til að allt skólafarfar verður skilvirkara og betra með þessa þætti að leiðarljósi.

Hér í Hafnarfirði eru góðir leik- og grunnskólar sem geta orðið enn betri með samstilltu átaki allra aðila. Við í Framsókn og óháðum viljum efla samstarfið og samvinnuna milli skólastiga/skólafólks. Hafnarfjörður er eitt skólafélag sem skiptist upp í nokkur hverfi. Eins og staðan er í dag þá erum við ekki að læra nógu mikið af hvert öðru. Hverfasamfélögin og skólarnir innan hverfanna verða þá eins og eyland. Við þurfum að nýta betur mannauðinn sem starfar innan skólanna til að efla okkur áfram í starfi. Mikilvægt að staldra við og skoða á hvaða vegferð við erum. Hvert erum við að stefna?

Mörg verkefni sem hafa tekist vel eins og læsisverkefnið í leik- og grunnskólum, spjaldtölvuinnleiðingin sem farin er af stað, greining á álagssþáttum

hjá grunnskólakennurum svo fátt eitt sé nefnt. En það er ekki alltaf hægt að bæta bara við verkefnum, við þurfum einnig að skoða heildarmyndina, hægja áðeins á og átta okkur á því hvað skiptir raunverulegu máli. En það er að öllum liði vel, nemendum og starfsmönnum þarf að líða vel innan leik- og grunnskóla og foreldrar þurfa að vera sáttir með skólana.

Náum góðri og öflugri samstöðu um skólana. Drögum úr álagssþáttum og einbeitung okkur að því að nemendum líði vel. Velliðan barna er forsenda fyrir því að barnið geti lært, taki framförum og eflist og þroskist sem einstaklingur.

Saman getum við í Hafnarfirði verið með öflugustu leik- og grunnskóla landsins. Við í Framsókn og óháðum viljum að Hafnarfjörður setji sér það markmið að við verðum í fremstu röð skólafélaga landsins. Við erum sterkari saman.

Höfundur er skólastjóri Öldutúnskóla og skipar 2. sætið hjá Framsókn og óháðum.



Valdimar
Víðisson

GARÐAÚRGANGUR SÓTTUR HEIM

Íbúar eru hvattir til að hreinsa lóðir sínar og setja garðaúrgang út fyrir lóðamörk í hæfilega þunga poka og binda greinaafklippur í knippi nú í byrjun maí.

Athugið að allur garðaúrgangur þarf að vera í pokum og höfum hugfast að hæfilega þungir pokar auðvelda starfsmönnum hreinsunarstörf (hámark 20 kg). Ekki verður tekinn stórfelldur garðaúrgangur sem fylgir stærri framkvæmdum innan lóða. Eftir að uppgefinn dagur fyrir viðkomandi hverfi er liðinn þurfa lóðahafar sjálfir að fara með garðaúrgang á endurvinnslustöðvar Sorpu.

Nánari upplýsingar á www.hafnarfjordur.is

9. maí

Norðurbær - Vesturbær
Hraun - Miðbær

14. maí

Setberg - Kinnar - Hvammar

22. maí

Ásland - Vellir - Holt



HAFNARFJÖRÐUR

Fólkið í forgang

Síðastliðinn laugardag opnaði Samfylkingin í Hafnarfirði kosningaskrifstofu sína á Strandgötu 43 þar sem áherslumálin í komandi kosningum voru kynnt. Þau eru í samræmi við grunnildi jafnaðarstefnunnar um jafnrétti og jöfn tækifæri. Húsnæðismál, leikskólamál og málefni aldraðra eru leiðarstef í kosningaaðherslum okkar ásamt auðvitað ýmsu öðru sem skiptir máli þegar kemur að rekstri bæjarfélags.

Tímabil glataðra tækifæra

Það sviður hversu illa tækifæri til sóknar hafa verið nýtt á þessu kjörtímabili sem nú er að líða undir lok. Þar sem viðsúningur varð á rekstri bæjarins á árunum 2011-2013 var tækifæri til að hefja uppbyggingu eftir niðurskurð á árunum eftir hrún. Í stað þess að nýta þau tækifæri var máluð upp sú mynd að staða bæjarfélagsins væri það slæm að ráðast þyrfti í hagræðingaraðgerðir sem voru með öllu ónaðsynlegar. Dauðafæri var til að gera stóráttak í leikskólamáli þar sem börnum fækkaði í árgöngum og pláss losnuðu. Þess í stað var fjórum leikskólaurræðum lokað í sparnaðarskyni. Skarðshliðarhverfið sem tilbúið var til úthlutunar hefur staðið óhreyft allt kjörtímabilið vegna ítrekaðra skipulagsbreytinga og íþyngjandi skipulagsskilmála og Hafnarfjörður dregist aftur úr öðrum sveitarfélögum

hvað húsnæðisuppbyggingu varðar. Hjúkrunarheimili er ekki enn risið og viðhald á eignum bæjarins hefur setið á hakanum. Í því góðæri sem ríkir hafa tækifæri verið illa nýtt.

Það skiptir máli hverjir stjórna

Okkur í Samfylkingunni finnst kominn tími á að setja fólkið aftur í forgang. Við viljum gera stóráttak í leikskólamáli með því að lækka inntökualdur í 12 mánuði, opna ungarnaleikskóla og ungarnadeildir, samhliða því að bæta starfsumhverfi á leikskólum til að bregðast við manneklu. Við ætlum að byggja leikskóla í Suðurbæ og opna Kató aftur sem ungarnaleikskóla. Við viljum stórauka framboð á húsnæði á viðráðanlegum kjörum með því að tryggja nægt framboð af lóðum og bjóða upp á fjölbreytta valkosti á húsnæðismarkaði. Við viljum einnig mæta ólíkum þörfum eldri borgara m.a. með því að stórefla heimþjónustu ásamt því að þrýsta á um fjölgun hjúkrunnaryrma.

Í stefnuskrá okkar fjölmörg önnur mál sem við leggjum áherslu á og lesa má um á heimasíðu okkar xshafnarfjorur.is. Þá er kosningaskrifstofan okkar opin og má sjá upplýsingar um opnunartíma á heimasíðu og facebook. Höfundur er bæjarfulltrúi og skipar 1. sæti á lista Samfylkingarinnar.



Adda María Jóhannsdóttir

Viltu selja? Hringdu í 896 6076

Frítt söluverðmat
Sanngjörn sölupóknun

„Minn metnaður er heiðarleiki, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta“

RE/MAX
FJÖRDUR

Ársæll Steinmóðsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI
sími 896 6076 • as@remax.is

Lækjargötu 34d, Hafnarfirði



Ráðuneyti skoðar embættisfærslur

Vill svör í síðasta lagi á föstudag

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur til skoðunar kvörtun tveggja varabæjarfulltrúa í bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar, þeirra Borg-hildur Sturludóttir og Péturs Óskars-sonar fulltrúa Bjartrar framtíðar vegna tiltekinna atvika sem varða m.a. kjör-gengi og forföll bæjarfulltrúa og framkvæmd funda bæjarstjórnar.



Ráðuneytið hefur til skoðunar hvort málið gefi tilefni til formlegrar umfjöllunar þess um stjórnsýslu sveitarfélagsins á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, og hefur sent bæjarstjórn bréf af því tilefni og kallar eftir upplýsingum.

Óskar ráðuneytið eftir afriti af erindi Guðlaugar Svölu Steinunnar Kristjánsdóttur bæjarfulltrúar sem lagt var fram á fundi bæjarstjórnar 14. mars sl., þar sem hún tilkynnir um ótímabundin forföll sín og einnig er óskað að upplýst verð hvort og þá með hvaða hætti Guðlaug hafi tilkynnt um að forföllum sínum væri lokið áður en hún tók sæti á fundi bæjarstjórnar 11. apríl sl.

Ráðuneytið óskar eftir upplýsingum um hvort og þá með hvaða hætti meintur missir Einars Birkis Einars-sonar á kjörgengi í bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hafi komið til úrskurðar eða annarrar umfjöllunar í bæjarstjórn eða annars staðar í stjórnkerfi sveitarfélagsins.

Þá óskar ráðuneytið upplýsinga um tildrög þess að á fundi bæjarstjórnar 11. apríl sl. voru teknar til umfjöllunar og atkvæðagreiðslu tillögur um breytingar á skipan skipulags- og byggingar-ráðs og hafnarstjórnar sbr. 1. lið fundargerðar fundarins.

Er óskað eftir því að svör berist eigi síðar en föstudaginn 11. maí nk.

Forsetanefnd bæjarstjórnar tók málið fyrir á fundi sínum sl. mánudagsmorgunn en í nefndinni eiga sæti Guðlaug Svalla, forseti bæjarstjórnar, Margrét Gauja Magnúsdóttir, 1. varaforseti og

Kristinn Andersen 2. varaforseti bæjarstjórnar. Þá situr í nefninni með mál-frelsi og tillögurétt Elva Dögg Ásu-dóttir Kristinsdóttir auk þess sem ritari bæjarstjórnar situr fundi þess.

Öll sátu þau fundinn á mánudag en í fundargerð segir aðeins að málið hafi verið tekið fyrir en ekkert er sagt um afgreiðslu þess eins og skylt er skv. 10 gr. í erindisbréf um forsetanefndina.

ÍÞRÓTTIR

Handbolti:

3. maí kl. 19.30, Ásvellir
Haukar - ÍBV, úrslit karla.

5. maí kl. 17, Vestmannaeyjar
ÍBV - Haukar, úrslit karla.

5. maí kl. 19.30, Kaplakriki
FH - Selfoss, úrslit karla.

7. maí kl. 19.30, Ásvellir
Haukar - ÍBV, úrslit karla.

9. maí kl. 18, Vestmannaeyjar
ÍBV - Haukar, úrslit karla.

9. maí kl. 20, Selfoss
Selfoss - FH, úrslit karla.

ÚRSLIT KARLA:

Selfoss - FH: 31-29
FH - Selfoss: 37-33
Selfoss - FH: 36-34

Körfubolti:

ÚRSLIT KVENNA:

Haukar - Valur: 74-70
Valur - Haukar: 68-66

Knattspyrna:

4. maí kl. 19.15, Kórinn
HK/Víkingur - FH, úrvalsdeild kenna

5. maí kl. 6, Ásvellir
Haukar - KA, 1. deild karla

7. maí kl. 19.15, Kaplakriki
FH - Breiðablik, úrvalsdeild karla

9. maí kl. 18, Kaplakriki
FH - ÍBV, úrvalsdeild kvenna

ÚRSLIT KVENNA:

Fylkir - Haukar: 3-0
FH - Selfoss: 0-1

ÚRSLIT KARLA:

Haukar - KA: 1-2
ÍR - FH: 0-5
Grindavík - FH: 0-1

FRAMBOÐSFRESTUR

Framboðsfrestur vegna sveitarstjórnarkosninga í Hafnarfirði sem fram eiga að fara laugardaginn 26. maí 2018 rennur út laugardaginn 5. maí nk.

Yfirkjörstjórn mun þann dag hafa aðsetur í fundarsal bæjarráðs Hafnarfjarðar, Strandgötu 6, 2. hæð frá kl. 10:00 – 12:00 og veita framboðslistum viðtöku. Öll framboð skulu tilkynnt skriflega til yfirkjörstjórnar eigi síðar en kl. 12:00 á hádegi þann dag.

Kjörstjórn mun á sama stað halda fund með umboðsmönnum framboðslista sunnudaginn 6. maí kl. 17:00 til þess að úrskurða um framboð og listabókstafi.

Yfirkjörstjórn vekur athygli á ákvæðum 3. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórnar og VI. kafla sömu laga um framboð og umboðsmenn. Nánari upplýsingar og leiðbeiningar má nálgast á kosningavef innanríkisráðuneytis www.kosning.is

Hafnarfirði 5. apríl 2018, Yfirkjörstjórn Hafnarfjarðar

Þórdís Bjarnadóttir
Torfi Karl Antonsson
Sigurður P. Sigmundsson
Hallgrímur Hallgrímsson

HAFNARFJARÐARBÆR
585 5500
hafnarfjordur.is



HAFNARFJÖRDUR

ØLSTOFA

♦ HAFNARFJARÐAR ♦

Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hópa.

Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19 og fleiri flott tilboð á barnum.

**ØLSTOFA**

♦ HAFNARFJARÐAR ♦

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200**FRÉTTASKOT**

Sendu fréttaskot á

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Lovisa
HafsteinsdóttirGunnella
Hólmarsdóttir

SJÁLFSMYND • EFLING • NÚVITUND

**KVÍÐA- OG SJÁLFSSTYRKINGARNÁMSKEIÐ
FYRIR BÖRN Í 5. - 7. BEKK.****4 VIKNA NÁMSKEIÐ
Á ÞRÍÐJUDÖGUM
KL. 17 - 18.30**

Verð: 19.200 kr.

Skráning á:
sensjalfsstyrking@gmail.comNámskeiðið hefst 8. maí
í Húsinu, Suðurgötu 14, 3.hæð
—Gengið inn Strandgötu meginNánari upplýsingar:
á facebook-síðu SEN
eða hjá Lovísu í síma 894 5097.**Vilja
Schenker
skilti af
íþróttahúsi****Haukar óhressir**

Á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs Hafnarfjarðarbæjar 18. apríl sl. var embættismönnum falið að leggja fram kostnaðarmat vegna merkinga stofnana bæjarins. Á sama fundi voru teknar fyrir merking Hauka á íþróttahúsi Hafnarfjarðarbæjar að Ásvöllum sem sett var upp í leyfisleysi en húsið er merkt og kennt við Schenker.

Ráðið fól umhverfis- og skipulagsþjónustu að sjá til þess að óheimilar merkingar verði fjarlægðar.

Mikill kurr er meðal Hauka vegna þessa enda hafa þeir tekjur af þessu skilti en Hafnarfjarðarbær er 100% eigandi húsnæðisins.

Glæsilegur árangur í stærðfræðikeppni

80 nemendur kepptu og reiknuðu flókin stærðfræðidæmi

Úrslit voru kynnt sl. fimmtudag í Stærðfræðikeppni grunnskólanna en Flensborgarskólinn hefur allt frá 1996 staðið fyrir stærðfræðikeppni fyrir grunnskólanemendur í 8., 9. og 10. bekk.

Fyrst var keppnin aðeins fyrir hafnirfiska grunnskólanemendur en síðar bættust nemendur úr öðrum byggðarlögum og halda fjölmargir framhaldsskólar keppnina fyrir nemendur á sínu svæði. Umsjón með keppninni í ár hafa þær Matthildur Rúnarsdóttir og Sólveig Kristjánsdóttir.

80 nemendur tóku þátt í keppninni í Hafnarfirði en hún byggist á þrautamiðuðu prófi sem krefst mikillar skipulagningar og vandvirkni af keppendum.

Allir stóðu sig mjög vel og þeir sem urðu í efstu sætum stóðu sig með afbrigðum vel.

Allir keppendur frá gjafabréf á ís frá ísbúðinni Hafis á Bæjarhrauni og fyrstu þrír í hverjum árgangi frá peningagjöf frá Íslandsbanka auk þess sem Alcan veitir bókagjafir.

Þá fær sá sem varð í 1. sæti í 10. bekk eftirgjöf á skólagjöldum í Flensborg á fyrstu önn óski hann að stunda nám við skólann. Úrslitin urðu þessi:

8. BEKKUR

1. Sindri Helgason, Setbergsskóla
2. Úlfheiður Linnet, Lækjarskóla
- 3.-4. Sigríður Soffía Jónasdóttir, Setbergsskóla

- 3.-4. Katrín Tinna Sævarsdóttir, Áslandsskóla

- 5.-10. sæti í stafrófsröð: Anna Edda Gunnarsdóttir Smith, Áslandsskóla, Daniel Lúkas Tómasson, Hraunvallaskóla, Hristiyan Kirilov Nikolov, Lækjarskóla, Hulda Alexandersdóttir, Áslandsskóla, Jón Logi Hjartarson, Áslandsskóla og Kristófer Kári Þorsteinsson, Lækjarskóla.

9. BEKKUR

- 1.-2. Egill Magnússon, Viðistaðaskóla
- 1.-2. Sesselja Picchiatti, Setbergsskóla
3. Birta Líf Hannesdóttir, Viðistaðaskóla
- 4.-10. sæti í stafrófsröð: Anína Marín Thorstensen, Setbergsskóla, Auður Siensen, Lækjarskóla, Elma Karen Gunnarsdóttir, Áslandsskóla, Guðbjörg Alma

- Sigurðardóttir, Áslandsskóla, Júlía Dis Ingvarsdóttir, Lækjarskóla, Kristey Válgeldsdóttir, Setbergsskóla og Úlfur Ágúst Björnsson, Lækjarskóla.

10. BEKKUR

1. Anja Amelía Miriam Sverrisson, Alþjóðaskólanum
2. Auður Gestsdóttir, Viðistaðaskóla
3. Hrafn Auðbergsson, Lækjarskóla
- 4.-10. sæti í stafrófsröð: Ágúst Bergmann Sigurðsson, Setbergsskóla, Áróra Friðriksdóttir, Viðistaðaskóla, Egill Hrafn Ólafsson, Setbergsskóla, Eiríkur Küld Viktorsson, Setbergsskóla, Svannberg Addi Stefánsson, Setbergsskóla, Tatjana Simic, Lækjarskóla og Valgerður Ósk Valsdóttir, Öldutínsskóla.



Nemendurnir í 8.-10. bekk sem fengu viðurkenningar ásamt fulltrúum Flensborgarskóla sem standa að keppninni.